



Úthlutun úr Menningarsjóði Hlaðvarpans í janúar 2010

Í þessari þriðju úthlutun úr sjóði Hlaðvarpans verða veittir 19 styrkir en alls bárust vel á annað hundrað umsóknir og hafa þær aldrei verið fleiri. Við úthlutun er þess gætt að styrkirnir nýtist sem flestum konum og haft er í huga að sem flest svið menningar njóti stuðnings.

Árið 1985 ákvað hópur kvenna að festa kaup á húsunum við Vesturgötu 3 í Reykjavík. Þau voru þá í nokkurri niðurníðslu og hætta á að þessi glæsilegu hús yrðu rifin. Ákveðið var að stofna hlutafélag kvenna sem keypti húsin og gekk undir nafninu Hlaðvarpinn. Smátt og smátt voru húsin gerð upp og þar blómstraði ýmis konar menningarstarfsemi um árabíl. Þar var rekið leikhús, bæði í kjallara og sal, haldinn fjöldi tónleika og funda. Herbergi voru leigð út til félaga og fræðikvenna og þannig mætti áfram telja. Viðgerðir og rekstur voru félaginu þung í skauti og skuldir söfnuðust upp. Þar kom að ákveðið var að hætta rekstrinum og selja húsin. Í samþykktum Hlaðvarpans var kveðið á um að yrði félagið lagt niður skyldi andvirði húsanna varið til að styrkja menningarstarfsemi kvenna.

Ákveðið var því að stofna menningarsjóð kvenna og verður nú úthlutað úr sjóðnum þriðja árið í röð. Fjölgun umsókna milli ára sýnir glöggt hve frjó og fjölbreytt menningarstarfsemi kvenna er á Íslandi og að í erfiðu árferði skortir ekki á frumkvæði kvenna.

Stjórn og úthlutunarnefnd menningarsjóðs Hlaðvarpans skipa:

Drífa Snædal, formaður
Kristín Ástgeirsdóttir, varaformaður
Guðrún Erla Geirsdóttir, gjaldkeri
Ragnhildur Richter, ritari
Þóra Tómasdóttir, meðstjórnandi
Brynhildur G. Flóvenz, varamaður
Hrefna Haraldsdóttir, varamaður

Þann 22. janúar 2010 var þessum styrkjum úhlutað úr sjóðnum:

Halla Kristín Einarsdóttir	Heimildarmynd um kvennaframboð á Íslandi: Hvað er svona merkilegt við það?	1.500.000
Fjöldi kvennasamtaka	Vera 24. okt 2010	1.500.000
Ragnhildur Ásvaldsdóttir	Heimildarmynd um Högnu Sigurðardóttur	1.250.000
Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir og Fríða Rós Valdimarsdóttir	Fræðsluefnið: Verður þú kaupandi vændis	1.000.000
Margrét Guðmundsdóttir	Útgáfa á dagbókum Elku Björnsdóttur	1.000.000
Krummafótur Kompaní	Danssýningin: Nú skal ég muna þér kinnhestinn	1.000.000
Safnasafnið	Listhirsla með verkum eftir 23 konur	800.000
Brynhildur og Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdætur	Útgáfu kvennaþjóðsagnasafns fyrir börn	700.000
Edda Jónsdóttir	Ritun sögu íslenskar kvenna á ráðherrastóli	700.000
Þorgerður Einarsdóttir og Valgerður Anna Jóhannsdóttir	Fjölmiðlavöktun í þágu jafnréttis	600.000
Ingibjörg Björnsdóttir	Ritun sögu listdans á Íslandi	600.000
Áslaug Einarsdóttir	Heimildarmyndin Stelpur í uppistandi	500.000
Brynhildur Þorgeirsdóttir	Sýning á skúlpúrlist Brynhildar	500.000
Erla Þórarinsdóttir	Myndlistasýningin Samtímis	500.000
Anna María Sigurjónsdóttir	Ljósmyndasýningin Íslenskar konur í atvinnulífi Íslands í dag	500.000
Amínamúsík	Gerð tónlistar við skuggahreyfimyndir Lotte Reiniger	450.000
Aurora Borealis	Kaup á tónverki eftir Ingibjörgu Guðlaugsdóttur	400.000
Austfirskar konur	Myndlist austfirskra kvenna	350.000
Kvenfélagið Hlíf á Ísafirði	söguritun, útgáfa og sýning vegna aldarafmælis Kvenfélagsis Hlífar á Ísafirði	150.000